# Leikskólinn Berg

## Starfsáætlun

## 2025– 2026



**Virðing – Samvinna – Metnaður**

***Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs***
*Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.*

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Efnisyfirlit


1 Greinargerð aðstoðarleikskólastjóra ... 3

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025 ... 8

3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026 ... 12

4 Skipulagning sérkennslu ... 16

5 Greinargerð Álfasteins 2024-2025 ... 17

6 Greinagerð Dvergasteins 2024-2025 ... 26

7 Umbótaáætlun 2025-2026 fyrir báðar deildir ... 29

8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans. ... 31

9 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ... 32

10 Foreldrasamvinna ... 33

11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal ... 34

12 Fylgiskjöl ... 36

12.1 Fylgiskjal 1 – Börn og foreldrar ... 36

12.2 Fylgiskjal 2 – Könnun um vinsældir leikja ... 38

12.3 Fylgiskjal 3 – Þemu 2025-2026 ... 40

13 Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Bergs 2025-2026 ... 42




# 1 Greinargerð aðstoðarleikskólastjóra

Ágústmánuður fór að mestu leyti í aðlögun nýrra barna og starfsfólk var að týnast inn eftir sumarfrí. Það varð smá breyting í starfsmannahópnum, tveir starfsmenn hættu og tveir nýir bættust við. Í lok ágústmánaðar voru allir starfsmenn komnir til vinnu. Aðlögunin tók aðeins lengri tíma hjá okkur en vanalega aðallega vegna ungs aldurs barnanna, þau höfðu mörg hver bara verið með mömmu og pabba og þurftu lengri aðlögun fyrir vikið.

Við byrjuðum markvisst starf í byrjun september. Undanfarin ár höfum við verið með viss þemu sem við skiptum niður á veturinn. Starfsfólkið veit að hverju það gengur og kominn er mikill hugmyndabanki sem auðvelt er að ganga í til að koma vinnunni af stað. Síðastliðið skólaár bættum við djúplestri við á vormánuðum og munum gera það líka þetta vorið. Þetta tókst mjög vel og er góð viðbót við alla málörvunina sem unnin er að allan ársins hring.

Leikskólinn Berg fagnaði 20 ára afmælinu sínu á árinu af því tilefni buðum við foreldrum í kaffi og Lalli töframaður skemmti börnunum. Börnin útbjuggu kórónur og sungu afmælissönginn fyrir leikskólann sinn.



Síðastliðin tvö ár höfum við verið að innleiða hugmyndafræðina *Vaxandi hugafar* sem gengur út á að hvetja börnin áfram með jákvæðum og kærleiksríkum aga og hvatningu. Þessi hugmyndafræði er að verða öllum töm og starfsmenn eru duglegir að minna hvern annan á hvernig er talað til barnanna.

Elstu börnin okkar fóru í margar menningarferðir til Reykjavíkur. Það er uppeldislega gott fyrir börn að læra ferðast með strætó og njóta þess sem alls konar menning býður uppá.

Grænfánavinna er stór þáttur í allri okkar vinnu á Bergi enda rík hefð fyrir flokkun og að allir hugsi vel um umhverfið. Reglulega er farið út að týna rusl og matarsóunarvikur eru reglulega yfir skólaárið.



Við fengum grænfána í byrjun júní. Þetta er í sjötta sinn sem við flöggum nýjum fána. Síðastliðin tvö ár höfum við verið að vinna með nærumhverfið í grænfánavinnunni okkar þannig að næsta haust þurfum við að velja okkur nýtt grænfánaþema til að vinna með næstu tvö árin. Það gera grunnskólabörnin og elstu börn á Bergi með atkvæðagreiðslu.

Í vetur tókum við upp á þeirri nýjung að hafa sérstakan verkefnastjóra í Listaskála. Hann sá um að öll börn í leikskólanum fóru í skapandi vinnu minnst einu sinni í viku frá september til loka maí. Þetta gafst mjög vel og munum við halda þessari vinnu áfram. Auk þess að vera með fjölbreytt verkefni fyrir börnin var gerð markviss vinna í skráningum meðan börnin unnu að verkefnunum. Þessi skapandi vinna sem á sér stað í Listaskála tengist vel inn í hugmyndafræði menntastefnu Reykjavíkur um sköpun en þar segir að í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir barnið, næsta umhverfi og samfélagið. Að efla sköpun er einn af áhersluþáttum menntastefnu Reykjavíkur.




Eitt af því sem við settum í umbótaráætlun í síðustu starfsáætlun var að bæta okkur í skráningum, það höfum við gert bæði með skráningum í Listaskála en einnig í frjálsum leik barnanna. Skráningar eru settar í ferilmöppur barnanna.

Draumur okkar um ungbarnagarð varð að raunveruleika haustið 2024. Það er mikill munur því mörg börn í leikskólanum eru á öðru aldursári og gott að geta skapað þeim rólegheit í sérstökum garði með leiktæki sem henta þeirra aldri og þroska.





Það var líka farið í endurbætur á garðinum. Timbur var endurnýjað og ný leiktæki voru sett upp, vinnu við þessar framkvæmdir er að mestu lokið.



Útikennslustofan okkar var líka tekin í gegn. Timbur var endurnýjað og byggt yfir hana að hluta þannig hún nýtist betur ef veður er válynt sem stundum gerist á Kjalarnesi. Stofan er samnýtt af leik- og grunnskólanum og býður uppá mörg tækifæri til útikennslu og úrlausna verkefna.



Grænmetisgarðurinn okkar lofar góðu þetta árið. Það er búið að gróðursetja alls konar góðgæti eins og gulrætur, salat, dill, rabbabara, kartöflur og við bættum við nokkrum blómum.







Um mánaðarmót apríl – maí fóru starfsmenn leik- og grunnskólans í náms- og kynnisferð til Utrecht í Hollandi. Verkefni ferðarinnar voru öll í tengslum við Grænfánann. Hvernig við getum stuðlað að meiri sjálfbærni og ábyrgð á neyslu og framleiðslu. Þetta var fróðleg og skemmtileg ferð sem skilar sér í vinnu með börnunum og eflir samstarfsandann milli allra starfsmanna.

Á næsta skólaári munum við vera með svipaðar áherslur og áður í vinnu okkar með börnunum ásamt því að vera í stöðugri þróun til að gera gott enn betra. Við höfum unnið markvisst að því í vetur að efla starfsmannahópinn með því að hrósa og hvetja fólk áfram í vinnunni sinni. Við viljum líka að starfsfólkið okkar sé stolt af vinnustaðnum en það var eitt af því sem við viljum leggja áherslu á að efla í innra mati. Það hafa verið umræður á starfsdögum af hverju við erum stolt af og hvað mætti betur fara, auk þess sem við höfum fengið til okkar fyrirlesara sem hjálpaði okkur að rýna í starfsmannahópinn þannig að við getum gert góðan vinnustað enn betri og allir séu að rifna út stolti af því að vinna á Bergi.

Reykjavík, júní 2025

*Kristín Sigríður Evertsdóttir*

*Sigrún Anna Ólafsdóttir*



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

| | |
|---|---|
| **Hvað var metið?** | ***Læsi / málörvun / Djúplestur*** |
| **Hvernig fór matið fram?** | Með skráningum og vali á bókum / sögum / tónlist sem tengjast þemum. |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Starfsmenn. Börn á eldri deild voru líka með í ráðum um hvaða sögur eða tónlist var valin. |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Gaman að tengja við þemun og var auðvelt að miðla fróðleik til barnanna gegnum sögurnar sem voru valdar. Tækifæri á að gera fleiri verkefni úr sögunum. Djúplestur góð viðbót við aðra málörvun þar sem farið er dýpra í orðaforða og söguþráð. Viljum halda áfram með þetta. |
| **Hvað var metið?** | ***Mannauður og ábyrgð*** |
| **Hvernig fór matið fram?** | Umræður á starfsdögum, deildarfundum og fróðleikur frá fyrirlesurum |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Starfsfólk |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Margt gott sem verið er að gera, halda áfram á sömu braut með hrós og hvatningu, bæta við markvissum hrósvikum tvisvar á önn. |
| **Hvað var metið?** | ***Stjórnun*** |
| **Hvernig fór matið fram?** | Á deildarfundum og starfsdögum með umræðum og ómerktum miðum þar sem starfsfólk sagði sína skoðun. |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Starfsfólk. Fagaðili kom til okkar þar sem ræddir voru kostir þess að vinna á Bergi og hvað mætti betur fara. |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Erum að hækka okkur í viðhorfskönnun, stefnum á að fá enn meiri hækkun. Stjórnendur meðvitaðir um óskir starfsmanna og reyna mæta þeim eins og hægt er. Lægstu þættirnir í viðhorfskönnuninni skoðaðir sérstaklega hjá stjórnendum, deildarstjórum, aðstoðarleikskólastjóra og skólastjóra. (Niðurstöður **2022** 4,18 – **2023** 4,41 – **2024** 4,47) |

| | |
|---|---|
| **Hvað var metið?** | ***Leikskólabragur, viðmót og menning*** |
| **Hvernig fór matið fram?** | Í samtölum við starfsfólk og foreldra. Starfsfólk duglegt að minna hvort annað á hvernig við tölum til barna með hugmyndafræðina *vaxandi hugafar* að leiðarljósi. Foreldrakönnun sjá í ytra mati. |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Starfsfólk og foreldrar í foreldrakönnun. |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Gengur vel. Gott að starfsfólk er duglegt að minna hvert annað á. Einkunnarorð leikskólans mjög sýnileg á veggjum leikskólans og hefur verið unnið töluvert með þau í starfsmannahópnum. |
| **Hvað var metið?** | ***Lýðræði*** |
| **Hvernig fór matið fram?** | Börnin fylltu út skoðanakönnun með hjálp foreldra. Tilgangur könnunarinnar var að athuga hvernig börnunum líður í leikskólanum. Börnin völdu broskarl eftir sinni líðan á hverjum stað. Í seinni hluta könnunarinnar völdu börnin sér 3 atriði sem þau eru ánægð með í leikskólanum og settu svo fram ósk um það sem mætti bæta. *Sjá fylgiskjal 1 sem heitir börn og foreldrar.*<br>Önnur könnun sem við gerðum var að skoða vinsæla leiki meðal barnanna. Framkvæmd: myndir voru hengdar upp á vegg börnin bentu á það sem þeim fannst mest gaman í leikskólanum. *Sjá mynd í fylgiskjali 2 sem heitir Lýðræðiskönnun um vinsældir leikja.* Niðurstöður voru alveg í takt við tilfinningu starfsmanna, holukubbar, dúkkukrókur og listaskáli voru þeir staðir sem börnunum finnst mest gaman á. Bækur og púsluspil fengu líka mörg atkvæði. |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Börnin, foreldrar hjálpuðu til við að fylla könnunina út. |

| | |
|---|---|
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Við bættum við tíma í frjálsa leikinn því börnin óskuðu eftir því. Breyttum hvíldinni lítið eitt því sum börn óskuðu eftir því. Keypt voru leikföng eftir óskum barnanna. |
| **Hvað var metið?** | ***Faglegur metnaður og faglegt samstarf*** |
| **Hvernig fór matið fram?** | Með umræðum á starfsdögum og deildarfundum með starfsfólki, þar var farið yfir hvað gekk vel og hvað mætti bæta. |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Starfsfólk. |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Margt gengið vel en við viljum halda áfram að vinna með þetta efni á næsta skólaári, mun fara í umbótaráætlun. |
| **Hvað var metið?** | ***Leikskólabragur, velferð og líðan barna*** |
| **Hvernig fór matið fram?** | Með umræðum milli starfsmanna og barna. Í frjálsa leiknum voru starfsmenn duglegir að nota virka hlustun til að átta sig á hvað raunverulega er að gerast í samskipum barnanna. Starfsmenn skárust í leikinn eftir þörfum til að bæta samskipti og líðan barnanna. |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Starfsmenn og börn. Elstu börn tjáðu sig um líðan og vináttutengsl. |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Mikil þekking sem starfsmenn fengu á barnahópnum með því að vera með í leiknum eða þétt til hliðar þar sem kennarar gátu auðveldlega gripið inn í. Þau tækifæri til umbóta sem blasa við okkur er að laga skráningar og að allir starfsmenn taki þátt í þeim. |



**Ytra mat 2024 -2025**

| | |
|---|---|
| **Hvað var metið?** | ***Viðhorf starfsmanna*** |
| **Hvernig fór matið fram?** | Könnun send til starfsmanna í tölvupósti<br>(Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar – Stofnun ársins 2024 – Gallup) |
| **Hverjir tóku þátt í matinu?**<br>**(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir** | Allir starfsmenn |
| **Helstu niðurstöður mats** | Heildarmat leikskólans hefur hækkað frá síðustu könnun sem er gleðilegt.<br>(2024  4,18 – hækkaði um 0,12 frá síðustu könnun).<br>Tækifæri til umbóta eru tengd þáttunum **sveigjanleiki í vinnu**, **sjálfstæði í starfi** og **ánægja og stolt**. |
| **Hvað var metið?** | ***Viðhorf foreldra*** |
| **Hvernig fór matið fram?** | Niðurstöður úr foreldrakönnun á vegum Reykjavíkurborgar. |
| **Hverjir tóku þátt í matinu?**<br>**(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Könnun send til foreldra í tölvupósti, svarhlutfall var 87.1% |
| **Helstu niðurstöður mats**<br>**(styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Heildarmat hefur hækkað frá fyrri könnun. Það sem við viljum vinna með á næsta skólaári er að gera stefnu leikskólans sýnilegri, bæði í fréttabréfinu okkar og svo að klára námskrána. |



# 3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

| **Stjórnun - uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat** | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** | ***Heilbrigði og velferð*** |
| **Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?** | Starfsfólk mun fara yfir samskipti sín við börnin í fataklefanum. Fækka börnum sem eru í fataklefa á sama tíma og þannig gefst starfsmönnum tækifæri fyrir markvissa málörvun varðandi orðaforða tengdum fataklefanum. Að börnin læri orð á athöfnum og klæðnaði. |
| **Aðgerðir til umbóta?**<br>**Hvernig á að framkvæma það?** | Fataklefinn og samskipti þar verða tekin sérstaklega fyrir, ræða um fatnað, veðurfar og tengdan orðaforða. Gæta að fjölda barna sem eru í fataklefanum á sama tíma. |
| **Ábyrgð** | Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | September 2025 – vor 2026 |
| **Hvenær og hvernig á að meta?**<br>**Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Skráningar og hvernig gengur að framfylgja umbótum s.s. færri börn í fataklefanum og aukinn orðaforða barnanna. |
| **Viðmið um árangur** | Að allir starfsmenn tali á uppbyggilegan hátt við börnin og þau finni að það ríkir virðing og samkennd milli starfsmanna og barna. Að markmið okkar um færri börn á sama tíma í fataklefa verði að raunveruleika, svo betra næði gefist fyrir markvissa málörvun með börnunum. Farið verður yfir það á vikulegum deildarfundum hvernig gengur að framfylgja þessum markmiðum. |

| **Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat** | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** | ***Starfsánægja starfsfólks*** |
| **Tækifæri til umbóta - Hvaða árangri er stefnt að?** | Starfsfólk sem er hreykið af vinnustaðnum sínum og hafi áhuga á að gera betur, nýta sér fræðslu og námskeið til að styrkja sig í starfi. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Starfsmenn tjá sig á starfsdögum og deildarfundum. Líka í starfsþróunarviðtölum. Almennt spjall dags daglega hvernig fólki líður og hvað þeim finnst um verkefni sem verið er að vinna. Starfsfólk hvatt til að koma fram með sínar hugmyndir. Starfsfólki boðið uppá námskeið sem styrkir það í faglegu starfi. |
| **Ábyrgð** | Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Haust 2025 – vor 2026 |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Viðhorfskönnun starfsmanna (okt.-des. 2025). Starfsþróunarsamtal að vori. |
| **Viðmið um árangur** | Viðhorfskönnun starfsmanna sýni fram á hækkun í liðnum ánægja og stolt. 2024 var niðurstaðan 4,03. |

| **Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat** | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/** | ***Leikskólaþróun, samstarf og faglegur metnaður*** |
| **Tækifæri til umbóta – Hvaða árangri er stefnt að?** | Að markviss þróun sé í leikskólastarfinu og stöðugt unnið að umbótum. Að efla samstarf og faglegan metnað meðal starfsmanna. |
| **Aðgerðir til umbóta – Hvernig á að framkvæma það?** | Með námskeiðum og fræðslu til starfsmanna. Að allir starfsmenn fái tíma til undirbúnings þar sem þeir geta lesið |

| | |
|---|---|
| | sér til, undirbúið hópastarf eða farið á Torgið og skoðað fræðslu þar. Markvissir deildarfundir einu sinni í viku. |
| **Ábyrgð** | Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | September 2025 – vor 2026 |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Metið eftir símenntun starfsmanna og hvernig fagleg hugsun þróast í húsinu. Þetta er gert í samtölum á deildarfundum og starfsdögum þar sem starfsfólk skiptist á skoðunum. Stefnt á að fá fyrirlesara til okkar á starfsdag til að ræða faglegt starf og hvað er faglegt starf. |
| **Viðmið um árangur**<br>**Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Að allir starfsmenn vinni eftir stefnu leikskólans og menntastefnu Reykjavíkur.<br>Að allir starfsmenn fái fræðslu og endurmenntun, undirbúning og deildarfundir eru reglulegir. |

| **Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat** | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** | ***Lausnateymi*** |
| **Tækifæri til umbóta – Hvaða árangri er stefnt að?** | Kynna betur fyrir starfsfólki farsældarlögin og verkefnið Betri borg fyrir börn. Kynna þeim hlutverk tengiliða og lausnateyma. |
| **Aðgerðir til umbóta – Hvernig á að framkvæma það?** | Á starfsdegi fyrir alla starfsmenn. Deildarstjórafundum fyrir deildarstjóra. |
| **Ábyrgð** | Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Haust 2025 – vor 2026 |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Samtal og umræður í daglegu starfi þar sem reynir á þekkingu á þessum málaflokki. |

| | |
|---|---|
| **Viðmið um árangur**<br>**Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Að allt starfsfólk sé meðvitað um hvað lausnateymi er og hver hugmyndafræði Betri borgar fyrir börn er. |

| **Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat** | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur** | ***Námskrá leikskólans Bergs*** |
| **Tækifæri til umbóta**<br>**Hvaða árangri er stefnt að?** | Klára námskránna, hún er langt komin en þarf að klára hana. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Að fleiri starfsmenn komi að gerð hennar. |
| **Ábyrgð** | Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Haust 2025 |
| **Hvenær og hvernig á að meta?**<br>**Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Að foreldrar, deildarstjórar og annað starfsfólk fái að koma með sínar athugasemdir. |
| **Viðmið um árangur**<br>**Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Að námskráin verði tilbúin í desember 2025. |



## 4 Skipulagning sérkennslu

Það eru gerðar einstaklingsáætlanir fyrir öll börn sem þurfa þess með. Áætlanirnar eru unnar upp úr skráningum úr APES. Það er gerð ein áætlun sem er ýtarleg en skammtíma skrár eru gerðar upp úr henni sem unnið er með í ca. 4 til 6 vikur og þá er endurskoðun og nýjum viðfangsefnum bætt við. Yfirleitt blöndum við einstaklingskennslu og hópakennslu saman þannig börnin geti einbeitt sér ein þegar það á við en læri einnig að vera með í hóp með öðrum börnum. Þegar barn er með sérkennslu er einn starfsmaður ábyrgðarmaður þess en allir á deildinni eru meðvitaðir um hvaða vinna þarf að fara fram og taka þátt í því. Aðferðin Gefðu 10 er markvisst notað af öllu starfsfólki.

## Umbótaáætlun – fjöltyngi 2025-2026

| Börnin á Bergi | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | ***Fjöltyngi***<br>Sérstök málörvun með börnum sem þurfa þess með. |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Að hvert barn fái sérstaka stund í fjölbreyttri málörvun einu sinni á dag auk þess sem allir starfsmenn gefi þeim tíu. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Málörvunarstundir eru á morgnana og gefðu tíu yfir allan daginn, deildarstjórar halda utan um að það sé gert. |
| **Ábyrgð** | Sérkennslustjóri og deildarstjórar. |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | September 2025 endurmetið vor 2026. |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Hvert barn á sína möppu sem inniheldur námsefni sem á að kenna. Hæfnirammar og skráningar með orðum og orðflokkum. |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Að sýnilegur árangur náist, það er hægt að sjá það í skráningum, hvað börnin hafa bætt við sig í orðaforða og hversu mikið skilningur hefur aukist í daglegu tali og viðfangsefnum leikskólans. |

# 5 Greinargerð Álfasteins 2024-2025

Á Álfasteini eru börn frá þriggja til sex ára. Á deildinni starfa átta starfsmenn með mismunandi vinnutíma. Aðaláherslur deildarinnar eru sjálfbærni, sjálfstraust, velferð, samvinna, virðing, metnaður og félagsfærni. Það er lögð er mikil áhersla á að börnin séu fær í að takast á við misjafnar aðstæður sem skapast í þeirra daglega lífi, þau upplifi sjálfan sig örugg, framsækin og félagslega fær.



Félagsfærni er lærð hegðun sem börn læra af þeim sem þau umgangast mest, mörg börn verja stórum hluta dagsins í leikskóla. Það er því mikilvægt að leikskólakennarar og aðrir starfsmenn séu tilbúnir að veita börnunum umhyggju, öryggi og örvun til að efla börnin í samskiptum.

Leikskólinn stendur rétt fyrir ofan sjávarmálið á Kjalarnesi og er hann álitinn mikil náttúruperla allra þeirra sem hafa komið í leikskólann.



Grunnskólinn er í næsta nágrenni við leikskólann og vinna öll skólastigin náið saman að velferð barnanna sem þar eru. Elsti árgangurinn í leikskólanum fer upp í grunnskólann einu sinni í viku og tekur virkan þátt í starfinu sem fer þar fram. Börnin fá góða innsýn inn í skólastarfið, þau kynnast bæði kennurum og nemendum. Þau læra á húsakynni skólans og eru því vel undirbúin þegar kemur að því að þau hefji sína grunnskólagöngu. Öll börnin á Bergi hafa sína eigin ferilmöppu og eru þeirra helstu afrek sett inn í möppurnar jafnt og þétt yfir skólaárið, þegar leikskólagöngu þeirra lýkur eða þau hætta fá þau möppuna afhenta. Allt leikskólaárið er unnið eftir sjö þemum sem leikskólastjóri og deildarstjórar hafa sett upp í sameiningu. Inn í hvert þema er fléttuð grein / greinar úr Barnasáttmálanum. *Sjá fylgiskjal 3 sem heitir þema.*

**Veturinn byrjar rólega og er fyrsta þema skólaársins: Réttur til nafns og ríkisfangs** unnið er með grein 7 úr Barnasáttmálanum, öll börnin á leikskólanum teikna sjálfsmynd, handafar, fótafar og fjölskyldumynd.



**Næsta þema einkennist af „Fjölbreytileika vina og Nærumhverfi“** Unnið er með grein 2 „Öll börn eru jöfn“ og grein 12 „Virðing fyrir skoðunum barna“ úr Barnasáttmálanum. Leikskólinn er umvafinn náttúru og nýtum við það vel í allskonar skoðunarferðir með börnunum. Fjaran er beint fyrir neðan leikskólann og er farið reglulega í fjöruna til þess að skoða lífríkið, vaða í sjávarmálinu, týna skeljar, kuðunga og steina. Börnin eru frædd um það helsta sem að viðkemur sjónum eins og t.d. hvaða fiskitegundir eru veiddar við strendur Íslands, hvað er gert við fiskinn eftir að hann er veiddur, hvernig hann er unnin, hvar við nálgumst fiskinn og hver borðar hann svo. Fuglarnir í okkar nánasta umhverfi eru nokkuð margir og var ákveðið að fræða börnin um þá fugla sem að þau sjá í okkar daglega umhverfi. Fyrir valinu voru tjaldur, hrafn, gæs, hænur, skógarþrestir, kríur og mávar. Við einbeitum okkur að því að ræða við börnin hvort fuglarnir séu staðfuglar, farfuglar, um egg þeirra, hreiðurgerð og framvegis.



Í þessu þema er einnig lagt mikið upp úr að kenna börnunum hvar þau eigi heima, götuheiti og hverjir búi á heimilinu. Öll börnin á deildinni hafa tekið virkan þátt í því að æfa sig í framkomu, hvernig maður eigi að bera sig að, hvernig hægt sé að sýna kjark og hugrekki fyrir framan aðra. Til þess að ýta undir hugrekki og kjark hjá börnunum halda þau sínar eigin samverustundir í nokkrar mínútur hver bæði í hádeginu og seinnipart dags þegar leikskólanum er að ljúka, setja upp leiksýningar, læra að sýna náungakærleika, samvinnu og að vera vinir svo eitthvað sé nefnt. Samverustundirnar endurspegla það sem börnin sjálf upplifa þegar kennarinn heldur þær, kennarinn er þeirra fyrirmynd og gera börnin eins og fyrir þeim er haft. Börnin tala út frá myndunum í bókunum, sýna myndirnar og biðja aðra um að svara spurningum sem þau leggja fram.



Það sem hefur verið vinsælt hjá börnunum er að vera með Loðtöflusögu. Í þeim stundum eru börnin að vinna með helstu ævintýrin sem eru sögð inni á leikskólanum. Þegar þau segja söguna hengja þau upp myndir úr sögunni á loðtöflu fyrir þá sem eru að horfa á og hlusta. Við tókum uppá þeirri nýung í vetur að kafa djúpt í söguþráð vissra bóka. Við köllum þessa aðferð djúplestur en þá er unnið með söguþráð bókanna, ný orð lögð inn og texti ræddur.

Mikill fjölbreytileiki er í okkar samfélagi og erum það heppin að hafa bæði starfsmenn og börn sem að koma utan úr heimi. Við vinnum jafn og þétt að því að kenna þeim það helsta um löndin þaðan sem

að börnin koma frá sem eru á deildinni hverju sinni, til dæmis tungumál, þjóðarrétti, fána, þjóðbúninga og staðsetningar á löndum svo eitthvað sé nefnt.

**Næsta þema einkennist af samverustundum og föndri fyrir jólin**

Börnin fá frjálsar hendur til þess að taka af skarið og föndra það sem þeim dettur í hug eða sem tengir þau við jólin. Á deildinni útbúa öll börnin jólagjafir handa fjölskyldu sinni undir handleiðslu kennara sem er þeim stuðningur og hjálparhönd. Þau kjósa lýðræðislega um hvað þau vilja útbúa sem gjöf handa fjölskyldunni. Börnin baka eining piparkökur og skreyta.



**Eftir áramót byrjum við á þema sem að við köllum Íslensk ævintýri/ ljós og skuggar** unnið er með grein 24 „Heilsuvernd barna" úr Barnasáttmálanum.

Íslenskir siðir eru hér í brennidepli og eru börnunum kenndir helstu siðir Íslendinga, þeim sagðar þjóðsögur og skemmtileg ævintýri. Við fræðum börnin um Þorrann. Hvernig matarvenjur og híbýli voru í gamla daga auk þess að sýna þeim helstu ljós gjafa frá þessum tíma. Þar sem þetta þema er í svartasta skammdeginu leikum við okkur mikið sem skuggamyndir og ljós. Börnin hafa fengið að nota myndvarpa til þess að varpa upp skuggamyndum á vegg með því að setja húsdýr eða annað viðfangsefni ofan á skjávarpann sem þau teikna svo eftir útlínum og lita. Þegar verkefninu hefur verið lokið er slökkt á myndvarpanum til þess að sjá afraksturinn sem oft er mjög skemmtilegur. Það eru líka vasaljósavikur þar sem börnin leika sér með ljósin bæði inni og úti.



**Síðasta þema okkar yfir skólaárið er Fjölmenning/ Töfrateppi/ Fjörulallar** Unnið er með tvær greinar úr Barnasáttmálanum, greinar 28 og 29. „Menntun og markmið menntunar".

Í nokkur ár höfum við unnið með menningu þeirra landa sem börnin okkar eru frá. Við gerum það með ýmsu móti s.s. börnin gera sína þjóðfána og föndra fleira sem er einkennandi fyrir landið sem þau eru frá . Svo kemur fljúgandi „Töfrateppi„ en á því er bréf frá hverju landi fyrir sig þar sem sagt er frá hvað einkennir hvert land fyrir sig s.s. dýralíf, náttúru, matarvenjur og fleira.



Börnunum eru sýndar myndir af fánum hvers lands, þau frædd um lifnaðarhætti þeirra, þeim eru sýnd myndskeið, spiluð tónlist og skoðuð helstu dýrin frá hverju landi fyrir sig. Notast er við Google maps (gula karlinn) frá þeim löndum sem eru tekin fyrir og fengu börnin þannig enn betri sýn inn í hvert land fyrir sig með því móti.

Í lok þemans, þegar öll bréfin voru búin að skila sér til okkar á leikskólann, höldum við upp á það með því að bjóða aðstandendum barnanna á menningarmót. Börnin hanna sín eigin töfrateppi til þess að hafa til sýnis og koma svo með hlut að heiman sem þeim þykir sérstaklega vænt um og leggja á teppið til sýnis fyrir gesti. Börnin segja frá hvers vegna þessi hlutur var fyrir valinu og var gaman að heyra sögurnar á bak við hlutinn. Aðstandendur barnanna mættu með alls konar rétti frá sínum heimalöndum og gátu allir fengið að smakka mismunandi góðgæti frá löndunum.



Síðastliðin ár hefur skapast sú hefð inni á leikskólanum að útbúa leiksýningu fyrir Barnamenningarhátíð. Börnin koma með hugmyndir að leiksýningu, hvaða hlutverk þau vilja leika og hvaða setningar þau vilja fara með. Þegar búið er að æfa sýninguna þá er aðstandendum barnanna boðið að koma að horfa á afraksturinn á sviði í grunnskólanum. Leikritið sem var fyrir valinu þetta árið hét „Hjálpsemi og vinsemd". Börnin völdu að hafa dýragarð á Tenerife sem saman stóð af alls konar dýrum, bæði smáum og stórum. Sýningin byrjar á því að litlu dýrin mæta þeim hindrunum að geta ekki sótt sér til matar ávexti sem héngu uppi í tré vegna smæðar sinnar. Stóru dýrin í garðinum heyrðu í hjálparköll smærri dýranna og buðu þeim hjálparhönd. Á meðan á því stóð tóku þau ekki eftir því að það voru tvö ljón á sveimi sem höfðu það í hyggju að borða þau.




Vinnumenn garðsins voru snarir í snúningum og handsömuðu ljónin og var ljónunum kennt hvernig þau ættu að umgangast dýrin í garðinum ef þau langaði til þess að búa þar. Börnin leiðbeindu ljónunum að í garðinum væri ekki borðað kjötmeti og sungu öll börnin saman

Grænmetisvísuna til þess að undirstrika það sem þau meintu. Þegar ljónin voru búin að átta sig á hlutunum urðu allir vinir og var hjálpsemi þeirra mikil og enduðu þau á að syngja Vina-lagið. Verkefnið gekk mjög vel og nutu börnin sín vel.

**Vináttuverkefnið Blær**

Vináttuverkefnið Blær er forvarnarefni sem ætlað er að stuðla að jákvæðum samskiptum, góðum skólabrag og koma í veg fyrir einelti. Markmið verkefnisins er að tryggja börnum umhverfi þar sem einelti nær ekki að þrífast.



Það er á ábyrgð fullorðna fólksins að búa börnum þannig umhverfi og því er námsefni sem þetta góð viðbót við áherslur okkar á Bergi um gæði í samskiptum og vellíðan allra.

Verkefnið byggist á fjórum gildum: Virðingu, umhyggju, hugrekki og umburðarlyndi.



Blær á að veita börnum aðstoð við að auka hæfni sína til samskipta við aðra og koma í veg fyrir einelti með því að búa til gott andrúmsloft og starfsumhverfi innan veggja leikskólans. Tilgangur verkefnisins er að öll börn upplifi sig sem hluta af hópnum og viti hvert sitt hlutverk er innan hans. Með verkefninu læra börn jákvæð samskipti og að hafa jákvætt viðhorf til allra í kringum sig. Vináttuverkefnið er mikið notað inni á deildinni, með verkefninu eru góðar félagsfærnisögur sem eru lesnar reglulega fyrir börnin ásamt spjöldum sem sýna börn í alls konar aðstæðum. Börnunum eru sýnd spjöldin og eiga þau að túlka hverja mynd fyrir sig, hvað þau haldi að sé að gerast, hvernig hægt sé að laga aðstæður ef þess þarf, hugga, kæta, deila eða sína skilning. Við notuðum einnig nuddbók sem fylgir verkefninu, þar er verið að kenna börnunum mörk. Í nuddstund eru börnin pöruð tvö og tvö saman, lesinn er texti sem er rólegur og þægilegur á meðan sagan er lesin þá sýnir kennarinn einnig nuddhreyfingar sem hin börnin framkvæma með sínum félaga.

Blær bangsi fór heim með börnum um helgar í vetur. Þar fékk Blær að taka þátt í því sem barnið gerði**.** Þegar Blær kom til baka í leikskólann voru foreldrar búnir að skrifa í Blæ bókina hvað hann gerði með viðkomandi barni og oft voru líka myndir. Það var svo lesið fyrir öll börnin í samverustund, þetta er mjög vinsælt meðal barnanna.

**Bína Bálreiða**

Börn lifa sig inn í heim bóka og eru fljót að máta sig í hlutverk persóna í bókunum. Börn eru forvitin og eru opin fyrir nýrri þekkingu. Með þessu er verið að auka þroska barna og málþroska þeirra.  Bína Bálreiða hefur virkað vel fyrir yngsta fólkið á deildinni hjá okkur, þar er þeim kennt að bíða, hlusta, bíða og passa hendur með hjálp mynda af Bínu og einnig sögum sem eru lesnar fyrir þau.



**Lubbi finnur málbein**

Efnið um fjárhundinn Lubba er hugsað fyrir börn á leikskólaaldri. Lögð er áhersla á málhljóð þar sem bókstafir birtast sem fulltrúar hljóðanna. Farið er yfir íslensk málhljóð og samhliða hverjum staf er vísa. Lubbi kennir börnunum hljóðvitund og er einn stafur tekinn fyrir í viku, farið yfir vísu í bókinni (Lubbi) og fundið orð út frá stafnum sem við erum að vinna með. Lubbalögin eru sungin og njóta mikilla vinsælda meðal barnanna.



**Grænfánaleikskóli**

Leikskólinn starfar undir merki Grænfánans en hann er umhverfismerki sem táknar árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Í grænfánastefnunni er m.a. lögð rík áhersla á lýðheilsu í víðasta skilningi. Leikskólinn vinnur að því allan ársins hring að kenna börnunum að flokka, huga að orkunotkun og að bera virðingu fyrir lífríki jarðar. Við leggjum mikla áherslu á að skila börnunum af okkur sem virkum einstaklingum í því samfélagi sem þau búum í. Börnunum er markvisst kennt að flokka rusl við daglegar athafnir, bera virðingu fyrir lífríki, hugleiða í hvað við notum vatn, rafmagn og framvegis.

Náttúran er allt í kringum leikskólann og er reglulega farið með börnin í göngur um hverfið að tína rusl, þau beðin um að flokka það sem hefur fundist og hvort það sé hægt að endurnýta eitthvað. Börnin eru reglulega minnt á það að slökkva ljósin í hverju rými fyrir sig sem er ekki í notkun, skrúfa fyrir krana eftir notkun og nota viðeigandi magn af handsápu/handþurrkum. Það hefur skilað góðum árangri og eru börnin mjög meðvituð um umhverfið í kringum sig og eru fljót að taka upp það rusl sem að þau finna út í náttúrunni. Matarsóunarvikur eru fastir liðir nokkrum sinnum yfir veturinn á leikskólanum, þar er börnunum kennt að skammta sér hæfilega mikið til þess að leyfa ekki mat, það heyrist oft í barnahópnum að verið sé að henda peningum þegar mat er hent og eru þau mjög dugleg að passa upp á skammtastærðir sínar.



**Átthagar og landslag**

Er það þema sem elstu börn á Bergi og nemendur Klébergsskóla kusu í lýðræðislegri kosningu fyrir tveimur árum. Haustið 2025 munum við svo kjósa nýtt þema sem unnið verður með næstu tvö árin.



Alls konar umhverfi er að finna í kringum skóla og heimili, bæði náttúrulegt og manngert. Mikilvægt er að nemendur þekki umhverfi sitt og helstu kennileiti þess, bæði náttúruleg (villt náttúra og landslag) og manngerð (hús, vegir og garðar). Börnunum voru sagðar þjóðsögur um Esju, en það er skessa sem býr í fjallinu fyrir ofan leikskólann okkar. Unnið var með heiti á skerjum sem eru í sjónum í kringum okkur og þeim kennd nöfn á helstu kennileitum í umhverfinu.

**Tannverndar vika** : Embætti landlæknis og Tannlæknafélag Íslands standa fyrir tannverndarviku á hverju ári. Við höfum einu sinni áður tekið þátt í þessu verkefni og hafði það góð áhrif á börnin. Við leggjum góða áherslu á fræðslu, umfjöllun og viðburði sem tengjast tönnum og tannheilsu. Börnunum eru sögð ævintýri af tannálfinum sem er oft uppspuni frá starfsmönnum, lesin er bókin um Karíus og Baktus og einnig hlustað á lög. Börnunum er svo gefin tannbursti sem þau taka með sér heim í vikulokin.



**Umferðar vika:** Bækurnar um Krakkana í Kátugötu eru heppilegar til að læra umferðarreglurnar á skemmtilegan hátt. Allir á Bergi kannast við krakkana í Kátugötu og er það efni sérstaklega ætlað nýjum vegfarendum. Þegar við notum námsefnið leikum við okkur mikið með það, innipúkinn er alltaf að lenda í hremmingum og þurfa börnin að hjálpa honum og taka virkan þátt. Með því að lifa sig inn í það sem er verið að lesa fyrir börnin fangar lesandinn hlustendur mun betur og verða börnin forvitin, spennt og kát. Hjóladagar er fastur liður í leikskólastarfinu og hentar vel þegar kenndar eru umferðareglur.

**Íþróttarhúsið og Klébergsskóli**

Það er mikill samgangur á milli leik- og grunnskóla enda eru skólarnir ein stofnun. Elstu börnin á leikskólanum fara einu sinni í viku upp í grunnskólann og taka virkan þátt í því sem er að gerast hverju sinni. Börnin byrja á því að fara í tónmennt þar sem þau fá að handleika hljóðfæri, fræðast um hljóðfæri og syngja alls konar skemmtileg lög. Næsta kennslustund er með grunnskólakennara sem kemur til með að kenna þeim þegar þau fara í skólann. Þar er lögð áhersla á aðferðir sem kenndar eru við „leikur að læra“ en þar er áherslan á að samþætta leiki og hreyfingu við bóklegt nám barna á einfaldan hátt. Börnin fara svo í frístundaheimilið Kátakot að leika sér, taka þátt í sjávargöngu en það er ganga sem allir grunnskólanemendur fara daglega í til að auka hreyfingu barna. Þegar því er lokið fara börnin í matsal skólans að borða hádegismat með öllum hinum nemendum skólans. Inni í grunnskólanum er bókasafn sem börnin heimsækja og er bókasafnsvörðurinn með rólega stund þar sem að er lesin bók fyrir börnin. Í lok dags fara börnin svo í sundkennslu með sundkennara skólans; megináherslan í sundtímanum er að efla börnin í sjálfstæði í fataklefanum og sundlauginni.



Elstu börnin fóru í margar menningarferðir til Reykjavíkur s.s. leikhús, Perluna, húsdýragarðinn og Hörpuna. Það er þroskandi að upplifa nýja hluti en ekki síður að læra að ferðast með strætó.



Öll börn á Álfasteini fara í íþróttahúsið í hverri viku. Þeim er skipt upp í hópa og eru þeim kenndir leikir, samvinna og umburðarlyndi. Þau eru einnig æfð í alls konar jafnvægisæfingum og samhæfingu.

## Styrkleikar

Mikil samkennd er í barnahópnum og mörg börn búin að mynda sterk vináttutengsl. Flest börnin eru óhrædd við að koma fram fyrir hóp enda búin að æfa sig reglulega í vetur. Þau eru hjálpsöm og eru oftast til í að aðstoða önnur börn og skiptast á með leikföng.  Elstu börn eru hugmyndaríkur og skapandi hópur auk þess að vera komin langt í þekkingu á bókstöfum og sum farin að lesa. Þau eru búin að átta sig í grófum dráttum á hvað lýðræði er enda búin að vera miklar lýðræðislegar umræður í vetur og þau vita að lýðræði er meira en kosningar þar sem meirihlutinn ræður.

## Tækifæri

Halda markvisst áfram með djúplestur og almenna málörvun. Starfsmenn fari inn í leik barnanna til að kynnast þeim betur og til að hjálpa börnum af erlendum uppruna að komast betur inn í leikinn og æfa sig í tungumálinu. Vera með markvissar skráningar í frjálsa leiknum til að kynnast börnunum betur og grípa þau sem þurfa meiri málörvun. Minnka barnahópa í fataklefa svo betra næði gefist til samræðna.

# 6 Greinagerð Dvergasteins 2024-2025



Á deildinni eru 14 börn og 4 starfsmenn. Í hópnum sem er núna á Dvergasteini mikill fjöldi barna með fleiri en eitt mál heima fyrir og markviss málörvun og hljóðkerfisvitund því mikilvægur áherslupunktur deildarinnar þetta leikskólaár, ásamt sköpun og félagfærni.

Alla daga vikunnar erum við með morgunsamverur þar sem að við bjóðum börnin velkomin og tökum smá málörvunar verkefni eins og t.d. Lubbi finnur málbein eða annað spennandi verkefni ásamt söng og leikjum.



Tekin var sú ákvörðun vegna aldurs barnanna á deildinni að skipulagt hópastarf á morgnanna yrði lagt niður og lögð meiri áhersla á frjálsa leikinn þar sem kennarar fara inn í leik barnanna og nota leikinn sem kennslu og nýta tækifærið í leiknum. Þetta gerir kennara kleift að fylgjast nánar með þroska og áhuga barnanna og vinna meira út frá þeirra áhuga.

## Samverur



Í samverum einblínum við mikið á málörvun, förum meðal annars yfir Lubba hljóð/staf dagsins, orð og myndir eru skoðaðar sem byrja á þessum staf auk þess sem stafasöngurinn sem fylgir hverjum staf var sunginn. Við skoðuðum líka veðurfar og hvernig þyrfti að klæða sig þennan dag ásamt því að læra að telja, klappa orð í atkvæðum og margt fleira. Söngur og lestur eru mjög vinsælir hjá krökkunum og því oft gripið í þau verkfæri til að efla málgetu. Þar sem að hópastarfið var tekið út af dagskránni eru samverurnar vafðar inn í þemu leikskólans og börnin læra því þematengt málfar sem eykur á fjölbreytileika orðaforðans.

**Áherslur deildarinnar:**

**Málörvun:** Þar sem við erum með börn á máltökualdri er málörvun okkar megin áhersla, við vinnum mikið með gefðu 10 en það felur í sér að gefa hverju barni að minnsta kosti 10 mínútur í spjall. Við erum að nota tákn með tali til að ýta undir enn meiri málskilning. Samverurnar eru okkar styrkur til að efla tungumálið með leikjum, lestri, myndum og söng. Frjálsi leikurinn er líka notaður til málörvunar og eru kennarar að aðlaga sig og læra að setja sig inn í leik barnanna án þess að taka yfir leik og gengur okkur nokkuð vel í því verkefni.

Við ákváðum að halda áfram með verkefni sem kallast djúplæsi og gekk það mjög vel og börnin mjög áhugasöm. Í því verkefni er bók tekin fyrir og lesin oft og ákveðin hugtök tekin upp úr bókinni eins og andstæður, samheiti eða tilfinningar og kafað dýpra í þau hugtök. Þetta gekk vonum framar með yngstu börnunum og ætlum við að halda áfram með djúplæsi á næsta skólaári.



**Félagsfærni:** Það er okkur kappsmál að kenna börnum félagsfærni og eru margar stundir nýttar í allskonar leiki og leikræna tjáningu sem styrkir félagslega þætti barnanna, framkomu og sjálfstraust.

Okkar helsta verkfæri er Blær. En Vinaverkefnið Blær er kennsluefni á vegum Barnaheilla sem vinnur gegn einelti og eflir börn í góðum samskiptum. Efninu fylgja allskonar leikir, sögur og fleira efni sem stuðla að tilfinningalæsi og samvinnu fyrir allan aldur.
Börnin skiptust á að taka Blæ með sér heim yfir helgar og foreldrar skrifuðu í þar til gerða bók hvað var gert og settu myndir. Í samveru var börnunum sýnt það sem kom í bókina hverju sinni áður en Blær fór í næstu heimsókn. Þetta gekk vel, börnin voru glöð að fá Blæ með sér heim og allir fylgdust spenntir með í samveru þegar Blær kom aftur í leikskólann.

**Sköpun og könnunarleikur:** Nýtt verkefni fór af stað í listaskálanum þetta árið og er nú kominn kennari sem sér alfarið um listaskálann og eru börnin á deildinni með fastan tíma einu sinni í viku þar sem þau verja tímanum með þeim kennara í skapandi vinnu.

Þegar kemur að sköpun reynum við eftir bestu getu að hafa efnivið mjög opinn og fjölbreyttan fyrir börnin. Með því að hafa efnivið opinn náum við að auka sköpun og fjölbreytileika í áferðum og

skynjun hjá börnunum. Við vinnum mikið með málningu og efni sem við finnum í náttúrunni eins og t.d. steina, sand og skeljar.

Könnunarleikurinn er einnig mikilvægur til að ná fram skynjun og færni barnanna. En eins og í sköpun með mismunandi efnivið eflir könnunarleikur skynfæri og getu barnanna í gróf og fínhreyfingum ásamt því að þau kynnast mismunandi áferðum hluta og þau fá að kanna heiminn í gegnum frjálsan leik á eigin spýtur.

**Styrkleikar**

Deildarskipulag er gott og góður tími gefst til frjálsra leikja þar sem kennarar eru með í leiknum til að efla málþroska barnanna. Einu herbergi í leikskólanum var breytt þannig núna er þægilegt að nota það með yngri börnum, gefur kennurum tækifæri á að skipta hópnum í minni hópa.

**Tækifæri**

Málörvun í frjálsa leiknum, ásamt skráningum. Bæta efnivið í könnunarleikinn. Halda áfram með djúplestur.



# 7 Umbótaáætlun 2025-2026 fyrir báðar deildir

| Deild/aldur barna | Sameiginleg markmið fyrir báðar deildir |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | ***Uppeldis og menntastarf*** |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Meira næði í fataklefa svo það skapist umhverfi fyrir markvissa málörvun. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Minnka barna hópa sem eru í fataklefa á sama tíma. |
| **Ábyrgð** | Deildarstjórar |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Haust 2025 – vor 2026 |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Með umræðum á deildarfundum yfir námsárið. |

| Deild/aldur barna | Sameiginleg markmið fyrir báðar deildir |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | ***Mannauður*** |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Auka faglegan metnað og samstarf milli deilda. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Á fundum þar sem málefni eru rædd þvert á deildar auk þess sem starfsmönnum gefst tækifæri á að efla sig í starfi með því að fara á námskeið. |
| **Ábyrgð** | Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Haust 2025 – vor 2026 |

| | |
|---|---|
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Skoða fundagerðir og með umræðum á því sem vel tókst og því sem þarf enn að bæta. |

| Deild/aldur barna | Sameiginleg markmið fyrir báðar deildir |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | ***Uppeldis – og menntastarf*** |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Kynnast barnahópnum betur og styðja við börn af erlendum uppruna í leik með málörvun |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Fara inn í leik með börnunum, gera skráningar. |
| **Ábyrgð** | Deildarstjórar |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Haust 2026 – vor 2026 |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Starfsfólk á deildarfundum og skoða skráningar. |



# 8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Starfsþróunarsamtöl eru tekin tvisvar á skólaárinu. Það fyrra er í október og er dýpra en viðtalið sem er tekið í febrúar. Í viðtölunum punktar aðstoðarleikskólastjóri niður helstu atriði sem eru rædd og starfsmaður kvittar undir þá. Gerðar eru áætlanir hvernig hægt er að mæta áhuga starfsmanns eða styrkja hann í starfi. Í seinna viðtalinu er farið yfir punktana sem ræddir voru að hausti og athugað hvaða árangur náðist yfir veturinn, hvað þarf að bæta eða ákveða ný markmið. Í þessum viðtölum óska starfsmenn oft eftir endurmenntun eða aðstoðarleikskólastjóri bendir starfsmanni á áhugaverð námskeið.

Á síðastliðnu skólaári voru margir starfsmenn sem nýttu sér fjölbreytt námskeið.

Þrír starfsmenn voru á íslenskunámskeiðum á mismunandi stigum yfir veturinn. Stefnan okkar er að þeir sem þurfa á íslenskunámskeiðum að halda fari nokkrum sinnum yfir veturinn bæði hjá Mími en líka hjá lærdómssamfélagi læsisteymis. Einn starfsmaður fór á Tras námskeið, tveir starfsmenn eru í leikskólakennaranámi og einn starfsmaður að læra þroskaþjálfann. Einn starfsmaður fór á öryggisnámskeið. Á starfsdegi komu starfsmenn miðju máls og læsis og voru með námskeið fyrir starfsfólk. Allt starfsfólk fékk fræðslu um bráðaofnæmi og um smitsjúkdóma barna. Mikil áhersla var lögð á að rækta mannauðinn, umræður á starfsdögum og deildarfundum. Fengum líka til okkar hressar dömur frá mannauðsdeild skóla- og frístundasviðs til að ræða og hlusta á starfsfólkið hvernig því líður í vinnunni og hvað við getum gert til að láta okkur líða enn betur.

***Áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn veturinn 2025 – 2026***

Einn starfsmaður fer á Fagnámskeið 1 hjá Mími vorið 2026.

Annar starfsmaður fer á fagnámskeið 2 hjá Mími vorið 2026

Einn starfsmaður fer í leikskólaliðanám í Borgarholtsskóla næsta skólaár.

Starfsmenn með íslensku sem annað tungumál fara á íslenskunámskeið allan veturinn 2025 – 2026 bæði hjá Mími og líka hjá íslenskuþorpinu.

Sérkennslustjóri fer á námskeið í gerð einstaklingsáætlunar.

Báðir deildarstjórarnir eru í fagháskólanámi í leikskólafræði (samstarfsverkefni HÍ og HA).

Við grípum öll tækifæri til að skrá starfsfólk á námskeið ef eitthvað áhugavert er í boði og hentar starfsfólkinu.

# 9 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Mikið samstarf er á milli leik- og grunnskólans. Elstu börn í leikskólanum fara vikulega upp í Klébergsskóla þar sem þau taka þátt í kennslustundum, fara í matsalinn og borða með grunnskólabörnum. Þau fara einnig í frístundina og í sjávargöngu, þau enda svo þessa vikulegu heimsókn á að fara í sund. Kennarar á báðum skólastigum vinna saman að námi og þroska barnanna og allir þekkjast vel þegar börnin hefja formlega grunnskólagöngu.

Börn í fyrsta bekk grunnskólans og elstu börn á Bergi gróðursetja tré á hverju vori í Barnalundinum okkar og í útikennslustofunni. Margar uppákomur eru sameiginlegar með grunn - og leikskólanum eins og t.d. aðkeyptar leiksýningar þar sem skólarnir og foreldrafélögin sameinast um kostnaðinn svo sem flestir geti notið þess að horfa á menningardagskrá. Leikskólabörnum er boðið á síðustu æfingu fyrir árhátíðina hjá nemendum í 1. – 7. bekk. Útskrift elstu barna er í sal Klébergsskóla og leikrit eða annað efni í tengslum við Barnamenningarhátíð er haldið í sal skólans.

Ungmennum í Klébergsskóla er boðið að velja leikskólann sem val í námi sínu, það er góð og skemmtileg samvinna því við erum með starfsmenn í vinnu sem komu til okkar í vali fyrir nokkrum árum og eru hér enn.

Við reynum eftir fremsta megni að vera opin fyrir öllum tækifærum til að vinna saman að þroska barnanna okkar sama á hvaða skólastigi þau eru, ef við sjáum ný tækifæri til samvinnu grípum við þau því við erum öll saman á Klébergi. Leikskólabörn hafa tækifæri til þess að taka þátt í sumarfrístund í Klébergsskóla eftir að sumarfríi lýkur í stað þess að koma aftur í leikskólann.



# 10 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna er mjög góð. Í foreldrafélaginu eru nokkrir dugnaðarforkar sem koma með góðar hugmyndir og styðja vel við leikskólann. Mikill kraftur er í félaginu í sambandi við fjáröflun og að sækja um styrki sem nýtast vel í alskyns viðburði fyrir börnin, s.s. leiksýningar. Foreldrafélagið býður öllum börnum og fjölskyldum þeirra í sveitaferð á vorin sem er mjög rausnarlegt því fjöldinn er yfirleitt mikill, allt að 100 manns. Eins hefur félagið boðið uppá skemmtanir á sumarhátíðinni okkar og verið með jólaföndur í desember.



Það er ánægjulegt hversu foreldrar eru duglegir að mæta á uppákomur sem leikskólinn býður þeim á yfir veturinn, yfirleitt er nánast 100% mæting en uppákomur eru u.þ.b. einu sinni í mánuði.

Í viðtölum og annarri samvinnu með foreldrum hefur komið fram almenn ánægja með starfið í leikskólanum sem við erum þakklát fyrir. Starfsfólkið leggur sig fram í öllum samskiptum því góð samvinna milli leikskólans og foreldra er grunnurinn að því að allir þroskist og dafni vel. Við höfum líka lagt mikla áherslu á að hlusta vel á allar hugmyndir sem koma frá foreldrum og líka leitað til þeirra þegar við erum að breyta einhverju eða koma fram með nýjungar.

Síðastliðið haust breyttum við fyrirkomulagi á foreldrafundi sem við höfum haldið í byrjun skólaárs, til að kynna fyrir foreldrum áherslur leikskólans. Í stað þess að starfsmenn tali og sýni foreldrum glærur af því sem fyrirhugað er að gera á skólaárinu skiptum við börnunum upp í hópa og börn sýna foreldrum hvernig er unnið með viðfangsefnin undir handleiðslu kennara. Almennt voru foreldrar ánægðir með þetta fyrir komulag en fannst vanta aðeins meiri útskýringar á af hverju við værum að gera þetta og hver væru markmiðin með verkefnunum. Við lögum það fyrir næsta fund sem verður á haustmánuðum.

Á vormánuðum fengum við góða gjöf frá foreldrafélaginu, smásjá sem er tengd við tölvu svo nú getum við farið í fjöruna og týnt alls konar dýr og skoðað heima á stórum skjá. Takk fyrir þetta kæru foreldrar.




Skólaráð grunnskólans og foreldraráð leikskólans funda sameiginlega en foreldrarnir sem eru í skólaráðinu eru einnig í foreldrafélaginu – ásamt fleirum. Skólaráðið samanstendur af foreldrum sem eiga börn í leikskólanum og grunnskólanum.

## 11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skóladagatal leikskólans Bergs er sameiginlegt með skóladagatali Klébergsskóla. Starfsdagarnir leikskólans eru 6 og eru á sömu dögum og starfsdagar grunnskólans að viðbættum 21. ágúst, gulir reitir. Þrír af þeim eru sameiginlegir öðrum leik- og grunnskólum sem tilheyra Austurmiðstöð. Sumarlokun leikskólans er 6. júlí – 1. ágúst 2026, grænir reitir. Fjólubláir reitir á dagatalinu eru dagar þar sem foreldrum er boðið á viðburði í leikskólanum. Bláir reitir eru skráningardagar í leikskólanum.



Reykjavík

Leikskólinn Berg

# Leikskóladagatal 2025 - 2026

Virðing Samvinna Metnaður

| ÁGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NÓVEMBER | DESEMBER | JANÚAR | FEBRÚAR | MARS | APRÍL | MAÍ | JÚNÍ | JÚLÍ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 F Sumarlokun | 1 M | 1 M | 1 L | 1 M Fullveldisdagurinn | 1 F Nýársdagur | 1 S | 1 S | 1 M Skráningardagar | 1 F Verkalýðsdagurinn | 1 M | 1 M |
| 2 L | 2 Þ | 2 F Starfsdagur | 2 S | 2 Þ Baka piparkökur | 2 F | 2 M Töfrateppi | 2 M Foreldraviðtöl | 2 F Skírdagur | 2 L | 2 Þ | 2 F |
| 3 S | 3 M | 3 F | 3 M Foreldraviðtöl | 3 M | 3 L | 3 Þ Blær afmæli bangsadagur | 3 Þ Foreldraviðtöl | 3 F Föstudagurinn langi | 3 S | 3 M | 3 F |
| 4 M Frídagur verslunarmanna | 4 F | 4 L | 4 Þ Foreldraviðtöl | 4 F Jólaföndur foreldrafélagsins | 4 S | 4 M | 4 M Foreldraviðtöl | 4 L | 4 M Umferðavika | 4 F | 4 L |
| 5 Þ Leikskólinn opnar | 5 F Lestrarormur | 5 S | 5 M Foreldraviðtöl | 5 F | 5 M Lestrarormur | 5 F | 5 F Barnamenning | 5 S Páskadagur | 5 Þ | 5 F | 5 S |
| 6 M | 6 L | 6 M Matarsóunarvika | 6 F Veitingahús | 6 L | 6 Þ Þrettándinn | 6 F Starfsdagur | 6 F | 6 M Annar í Páskum | 6 M | 6 L | 6 M Sumarlokun á Bergi |
| 7 F | 7 S | 7 Þ Kynning fyrir for. á leikskólastarfinu | 7 F | 7 S | 7 M | 7 L Dagur tónlistarskólans | 7 L | 7 Þ | 7 F | 7 S Sjómannadagurinn | 7 Þ |
| 8 F | 8 M Dagur læsis | 8 M | 8 L Baráttudagur gegn einelti | 8 M | 8 F | 8 S | 8 S | 8 M | 8 F Hjóladagur | 8 M | 8 M |
| 9 L | 9 Þ | 9 F | 9 S | 9 Þ | 9 F | 9 M | 9 M Starfsdagur | 9 F | 9 L | 9 Þ | 9 F |
| # S | # M | # F | # M Lestrarormur byrjar | # M | # L | # Þ | # Þ Lestrarormur byrjar | # F | # S | # M Skólaslit grunnskóla | 10 F |
| # M | # F | # L | # Þ | # F | # S | # M Dagur íslenska táknmálsins | # M | # L | # M | # F | 11 L |
| # Þ | # F | # S | # M | # F Jólamatur / jólahúfur | # M Vasaljósavika | # F | # F | # S | # Þ | # F | 12 S |
| # M | # L | # M | # F | # L | # Þ | # F | # F | # M | # M | # L | 13 M |
| # F | # S | # Þ | # F | # S | # M | # L | # L Dagur stærðfræðinnar | # Þ | # F Uppstigningardagur | # S | 14 Þ |
| # F | # M | # M | # L | # M | # F | # S | # S | # M | # F | # M | 15 M |
| # L | # Þ Dagur íslenskrar nátt | # F | # S Dagur íslenskrar tungu | # Þ | # F Lestrarormi lýkur | # M Bolludagur | # M | # F | # L | # Þ Sumarhátíð á Bergi | 16 F |
| # S | # M Hjóladagur | # F | # M | # M | # L | # Þ Sprengidagur | # Þ | # F | # S | # M Lýðveldisdagurinn | 17 F |
| # M | # F | # L | # Þ | # F Jólaball | # S | # M Öskudagur | # M | # L | # M | # F | 18 L |
| # Þ | # F | # S | # M | # F | # M | # F Skráningardagar | # F | # S | # Þ | # F | 19 S |
| # M | # L | # M | # F Dagur mannréttinda barna | # L | # Þ | # F Skráningardagar | # F | # M | # M | # L | 20 M |
| # F Starfsdagur | # S | # Þ | # F Lestrarormi lýkur | # S | # M | # L | # L | # Þ | # F | # S | 21 Þ |
| # F Skóasetning grunnskóla | # M Tannverndarvika | # M | # L | # M | # F Fjölskyldukaffi | # S Konudagur - upphaf Góu | # S | # M Barnamenningar-hátíð - sýning | # F | # M | 22 M |
| # L | # Þ | # F | # S | # Þ Þorláksmessa | # F Bóndadagur - upphaf Þorra | # M | # M | # F Sumardagurinn fyrsti | # L | # Þ | 23 F |
| # S | # M | # F Skráningardagur | # M Vasaljósavika | # M Aðfangadagur jóla | # L | # Þ | # Þ | # F Umhverfisdagur | # S Hvítasunnudagur | # M | 24 F |
| # M | # F | # L Fyrsti vetrardagur | # Þ | # F Jóladagur | # S | # M | # M | # L | # M Annar í Hvítasunnu | # F | 25 L |
| # Þ | # F Evrópski tungumáladagurinn | # S | # M | # F Annar í jólum | # M Matarsóunarvika | # F Menningarmót | # F Furðufatadagur | # S | # Þ Starfsdagur | # F | 26 S |
| # M | # L | # M Skráningardagur | # F | # L | # Þ | # F | # F Lestraromi lýkur | # M | # M | # L | 27 M |
| # F | # S | # Þ Skráningardagur | # F Starfsdagur | # S | # M | # L | # L | # Þ | # F Útskrift skólahóps | # S | 28 Þ |
| # F Hjóladagur | # M Lestrarormi lýkur | # M Furðufatadagur | # L | # M Skráningardagur | # F | | # S Pálmasunnudagur | # M | # F | # M | 29 M |
| # L | # Þ | # F | # S | # Þ Skráningardagur | # F | | # M Skráningardagar | # F | # L | # Þ | 30 F |
| # S | | # F | | # M Gamlársdagur | # L | | # Þ Skráningardagar | | # S | | 31 F Opnum aftur þriðjudaginn 4. ágúst |

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

Ac
Gc

# 12 Fylgiskjöl

## 12.1 Fylgiskjal 1 – Börn og foreldrar



Kæru foreldrar og forráðamenn

Með þessu matsblaði langar okkur að biðja ykkur að aðstoða börnin ykkar við að meta skólastarfið í Bergi.

Hluti af matinu er að börnin meti eigin líðan í leikskólanum.

Í seinni hlutanum viljum við biðja börnin ykkar að velja sér þrjár stjörnur og eina ósk. Með þessu er átt við að börnin velja þrjú atriði sem þau eru ánægð með (stjörnurnar þrjár) og eitt atriði sem þau telja að megi bæta í leikskólanum (töfrasprotinn).

Fyrri hluti : þá eru notaðir broskallar

Alltaf Stundum Sjaldan

Mér líður vel í hópastarfi

Mér líður vel í matartíma

Mér líður vel í hvíld

Mér líður vel í samveru

Mér líður vel í útiveru

Mér líður vel í Lubbastund

Mér líður vel í frjálsum leik



Seinni hluti

AÐ EIGA VINI

AÐ FARA Í FELULEIKI

AÐ FARA Í HEIMSÓKN Í KLÉBERGSSKÓLA

ÓSKIN MÍN

A) FLEIRI "LÝSA Í MYRKRI PERLUR

B) KLÁRA KASTALANN Á LEIKSVÆÐI ÚTI

## 12.2 Fylgiskjal 2 – Könnun um vinsældir leikja

Sýnishorn af myndum sem notaðar voru þegar tveir elstu árgangarnir á eldri deild völdu sína uppáhalds leiki. Annað hvort bentu þau á myndirnar eða sögðu hvað þeim fannst skemmtilegast.













BÆKUR
FORM
SKRIFSTOFU-DÓT
PÚSL
trélest
listaskáli
spil
lest
STÓRT GEO-MAX
SEGUL-KUBBAR
DÚPLÓ-KUBBAR
BÚNINGAR
BLÖÐRUKUBBAR
BURSTA-KUBBAR
SKRÚFUKUBBAR
STJÖRNU-KUBBAR
H-KUBBAR
SMÍÐA-DÓT

## 12.3 Fylgiskjal 3 – Þemu 2025-2026

# Álfasteinn og Dvergasteinn – 7 vikna þema 2025-2026

8. september –22. september- **Byrjun á vetrinum**

Teikna sjálfsmynd og fjölskyldumynd, teikna eða stimpla handa- og fótafar.

Taka einstaklingsmynd af hverju barni.

- Tannverndarvika
- Barnasáttmálinn**:** 7. grein: réttur til nafns og ríkisfang

23. september – 14. nóvember– **Fjölbreytileiki vina og nærumhverfis**

**Veitingahús/starfsfólk þjónar börnunum til borðs**

**Barnasáttmáli: (fjölbreyttar fjölskyldur, nafn og ríkisfang)**

- Grænfáni/ vatnið í krananum/rafmagnið/sápu notkun/endurunninn efniviður/hænur/týna rusl/nota endurvinnanlegt rusl í föndur.
- Þjóðerni/tungumál/fjölskyldumynstur(foreldar/nöfn á fjölskyldu meðlimum/götuheiti(heimili)
- Hvernig ertu góður vinur/vinkona/hvað gera vinir/skiptast á/deila/vera þolinmóð/hugga
- Göngutúr/safna skeljum/fallegum steinum/kuðungar
- Ræða lífernið í fjörunni /landdýr/sjávardýr/þörungar
- Farfuglar/staðfuglar hvaða fuglar eru það sem eru á Íslandi/eða við strendur þess.
- Fiskar/ýsa/þorskur/krabbi/síli/ígulker
- Nærumhverfið
- Barnasáttmálinn grein nr. 12: réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif
- Blær/unnið með spjöld/hvernig er að vera góður vinur/tillitssemi
- Bína/unnið með að passa hendur/bíða/hlusta/taka eftir
- Borðsiðir/smakka mat/skammta sér sjálf/ur

15. nóvember – 1. janúar – **Jólin**

Föndur/jólagjafir/jólaball og jólamatur/jólaföndur foreldrafélagsins

5. janúar – 30. janúar – **Íslensk ævintýri ljóss og skugga**

**-** þjóðsögur, þorri byrjar, vísindastarf => veður

- Vasaljósvika
- Barnasáttmálinn: grein nr. 24: heilsuvernd barna
- Djúplestur

2. febrúar – 27. febrúar – **Fjölmenning / Töfrateppi**

- Barnasáttmálinn: menntun og markmið menntunar grein nr 28 og 29
- Töfrateppi
- Menningarmót/opið hús

2. mars-22. apríl-**Barnamenningarhátíð**

- Barnasáttmálinn:2. grein: bann við mismunun
- Uppskera barnamenningar/opið hús/leiksýning

27. apríl – 31. maí **Náttúran/Fjörulallar**

- Barnasáttmálinn: grein nr. 6. Réttur til lífs og þroska
- Nær umhverfið/náttúran/dýralífið í kringum okkur
- Göngutúr/safna skeljum/steinum/kuðungum
- Farfuglar/staðfuglar hvaða fuglar eru það sem eru á Íslandi/eða við strendur þess.
- Ræða lífernið í fjörunni /landdýr/sjávardýr/þörungar
- Umferðarvika

# 13 Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Bergs 2025-2026

**Umsögn foreldrafélags um starfsáætlun Bergs 2025-2026**

Foreldrafélag leikskólans Bergs hefur fengið starfsáætlun leikskólans Bergs fyrir árið 2025-2026 til yfirlestrar og lýsir foreldrafélagið yfir almennri ánægju sinni með starfsáætlunina sem er ítarleg, skilmerkileg og vel unnin.

Starf leikskólans á síðasta skólaári (2024-2025) hefur verið faglegt og metnaðarfullt. Það sést vel í daglegu starfi skólans að unnið er eftir starfsáætlun; í starfinu ríkir mikill metnaður og fagmennska og ánægjulegt er að sjá hvað vel tekst að tengja þemu við Barnasáttmálann.

Stafsandinn virðist vera góður og það er ánægjulegt að sjá hvað starfsfólkið á Bergi er duglegt að sækja námskeið og bæta við sig þekkingu sem nýtist í starfi.

Það er virkilega ánægjulegt að skólinn fékk Grænfánann í 6. sinn þetta skólaárið. Grænfánavinna er orðin mjög samþætt daglegu starfi skólans, t.d. með grænmetisræktun, börnin týna rusl, náttúran í kring nýtt til kennslu og haldin er matarsóunarvika reglulega. Það starf verður eflaust bætt enn frekar eftir starfsmannaferð til Utrecht í Hollandi þar sem verkefnin sem skoðuð voru þar voru öll tengd við Grænfánann.

Fagnar foreldrafélagið þeirri nýbreytni hafa sérstakan verkefnastjóra í Listaskála. Skapandi verkefni barnanna sem unnin voru í vetur eru skemmtileg, frábær og mörg með skemmtilegri notkun á verðlausu efni. Ferilmöppur barnanna eru frábærar og kemur þar inn umbótaliður frá síðasta ári þar sem starfsfólk ásetti sér að bæta skráningu.

Markviss málörvun hefur verið stór hluti að öllu starfi skólans og er því ánægjulegt að sjá að djúplestri hefur verið bætt við þar sem farið er dýpra í orðaforða, nýjum orðum bætt við orðaforða og söguþræðir ræddir.

Á Bergi er unnið frábært starf í Fjölmenningu þar sem unnið er mikið með menningu þeirra landa sem börn og starfsfólk koma frá, enda margar þjóðir saman komnar á Bergi.
Fjölmenningarstarfið er toppað með Töfrateppi, Menningarmóti og síðast með leiksýningu sem farið hefur fram síðustu tvö ár. Börnin eru dugleg að koma og leika leikrit með fallega boðskap fram fyrir áhorfendur.

Foreldrafélagið fagnar þeim breytingum sem gerðar voru á útisvæði skólans. Frábært leiksvæði fyrir yngstu börnin var tekið í notkun, eldri börn fengu loksins nýjan kastala með rennibraut og var útikennslustofan endurbætt.

Foreldrafélagið þakkar fyrir faglegt og metnaðarfullt starf í vetur og hlökkum við til að fara inn í næsta skólaár á leikskólanum Bergi.

Fyrir hönd foreldrafélags leikskólans Bergs,

Alfa Freysdóttir

FRÁ

# FORELDRAFÉLAGINU ÁLFASTEINI

## -FORELDRAFÉLAG LEIKSKÓLANS BERGS

Kæru foreldrar, okkur langar að þakka fyrir samverustundirnar, frábæra þáttökuna í fjáröflunum & félagsgjöldum á þessu skólaári sem senn er á enda.

Á þessu skólaári stóð foreldrafélagið fyrir tveimur fjáröflunum; við seldum heimabakaðar hjónabandssælur í október, þessi fjáröflun fór langt umfram björtustu vonum. Í desember seldum við svo jólamerkimiða og jólakort með myndum eftir börnin okkar á Bergi.

Í nóvember bauð foreldrafélagið foreldrum í leikskólanum og foreldrum á yngsta stigi Klébergsskóla upp á **fræðslu** um áhrif skjátíma á málþroska barna.

Í byrjun desember stóð foreldrafélagið fyrir **Jólastund** þar sem föndrað var með börnunum við huggulega jólatónlist. Síðar í desember bauð foreldrafélagið börnunum upp á sýninguna ***Nátttröllið***, skemmtilegt og hugljúft jólaleikrit og bauð félagið einnig **sveinka** í heimsókn á jólaball leikskólans.

Foreldrafélagið fékk þrjá styrki á vormánuðum úr Hverfissjóði Reykjavíkurborgar.

Á vorönn bauð foreldrafélagið börnunum upp á leikritið ***Ef ég væri grágæs***, sem er einlægt, fallegt og sprenghlægilegt ferðaleikrit. Félagið bauð sömuleiðis öllum börnum leikskólans og fjölskyldum þeirra í **sveitaferð** í Miðdal í Kjós.

Á sumarhátíð leikskólans bauð félagið upp á stórskemmtilega sýningu með trúðnum ***Wally*** og í sömu viku kom ***Brúðubíllinn*** í heimsókn á leikskólann með skemmtilega sýningu með Lilla apa og félögum. Foreldrafélagið færði svo leikskólanum gjöf; **smásjá** sem tengja má við tölvu.

**Allt þetta er hægt með ykkar stuðningi & þátttöku. Kærar þakkir!**

**Ert þú til í að starfa með okkur í félaginu?**

**Við auglýsum eftir foreldrum til að starfa í foreldrafélaginu á næsta skólaári.**



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

**Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

**Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST

# Leikskóladagatal 2025 - 2026

Virðing Samvinna Metnaður

| ÁGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NÓVEMBER | DESEMBER | JANÚAR | FEBRÚAR | MARS | APRÍL | MAÍ | JÚNÍ | JÚLÍ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 F Sumarlokun | 1 M | 1 M | 1 L | 1 M Fullveldisdagurinn | 1 F Nýársdagur | 1 S | 1 S | 1 M Skráningardagar | 1 F Verkalýðsdagurinn | 1 M | 1 M |
| 2 L | 2 Þ | 2 F Starfsdagur | 2 S | 2 Þ Baka piparkökur | 2 F | 2 M Töfrateppi | 2 M Foreldraviðtöl | 2 F Skírdagur | 2 L | 2 Þ | 2 F |
| 3 S | 3 M | 3 F | 3 M Foreldraviðtöl | 3 M | 3 L | 3 Þ Blær afmæli bangsadagur | 3 Þ Foreldraviðtöl | 3 F Föstudagurinn langi | 3 S | 3 M | 3 F |
| 4 M Frídagur verslunarmanna | 4 F | 4 L | 4 Þ Foreldraviðtöl | 4 F Jólaföndur foreldrafélagsins | 4 S | 4 M | 4 M Foreldraviðtöl | 4 L | 4 M Umferðavika | 4 F | 4 L |
| 5 Þ Leikskólinn opnar | 5 F Lestrarormur | 5 S | 5 M Foreldraviðtöl | 5 F | 5 M Lestrarormur | 5 F | 5 F Barnamenning | 5 S Páskadagur | 5 Þ | 5 F | 5 S |
| 6 M | 6 L | 6 M Matarsóunarvika | 6 F Veitingahús | 6 L | 6 Þ Þrettándinn | 6 F Starfsdagur | 6 F | 6 M Annar í Páskum | 6 M | 6 L | 6 M Sumarlokun á Bergi |
| 7 F | 7 S | 7 Þ Kynning fyrir for. á leikskólastarfinu | 7 F | 7 S | 7 M | 7 L Dagur tónlistarskólans | 7 L | 7 Þ | 7 F | 7 S Sjómannadagurinn | 7 Þ |
| 8 F | 8 M Dagur læsis | 8 M | 8 L Baráttudagur gegn einelti | 8 M | 8 F | 8 S | 8 S | 8 M | 8 F Hjóladagur | 8 M | 8 M |
| 9 L | 9 Þ | 9 F | 9 S | 9 Þ | 9 F | 9 M | 9 M Starfsdagur | 9 F | 9 L | 9 Þ | 9 F |
| # S | # M | # F | # M Lestrarormur byrjar | # M | # L | # Þ | # Þ Lestrarormur byrjar | # F | # S | # M Skólaslit grunnskóla | 10 F |
| # M | # F | # L | # Þ | # F | # S | # M Dagur íslenska táknmálsins | # M | # L | # M | # F | 11 L |
| # Þ | # F | # S | # M | # F Jólamatur / jólahúfur | # M Vasaljósavika | # F | # F | # S | # Þ | # F | 12 S |
| # M | # L | # M | # F | # L | # Þ | # F | # F | # M | # M | # L | 13 M |
| # F | # S | # Þ | # F | # S | # M | # L | # L Dagur stærðfræðinnar | # Þ | # F Uppstigningardagur | # S | 14 Þ |
| # F | # M | # M | # L | # M | # F | # S | # S | # M | # F | # M | 15 M |
| # L | # Þ Dagur íslenskrar nátt | # F | # S Dagur íslenskrar tungu | # Þ | # F Lestrarormi lýkur | # M Bolludagur | # M | # F | # L | # Þ Sumarhátíð á Bergi | 16 F |
| # S | # M Hjóladagur | # F | # M | # M | # L | # Þ Sprengidagur | # Þ | # F | # S | # M Lýðveldisdagurinn | 17 F |
| # M | # F | # L | # Þ | # F Jólaball | # S | # M Öskudagur | # M | # L | # M | # F | 18 L |
| # Þ | # F | # S | # M | # F | # M | # F Skráningardagar | # F | # S | # Þ | # F | 19 S |
| # M | # L | # M | # F Dagur mannréttinda barna | # L | # Þ | # F Skráningardagar | # F | # M | # M | # L | 20 M |
| # F Starfsdagur | # S | # Þ | # F Lestrarormi lýkur | # S | # M | # L | # L | # Þ | # F | # S | 21 Þ |
| # F Skóasetning grunnskóla | # M Tannverndarvika | # M | # L | # M | # F Fjölskyldukaffi | # S Konudagur - upphaf Góu | # S | # M Barnamenningar-hátíð - sýning | # F | # M | 22 M |
| # L | # Þ | # F | # S | # Þ Þorláksmessa | # F Bóndadagur - upphaf Þorra | # M | # M | # F Sumardagurinn fyrsti | # L | # Þ | 23 F |
| # S | # M | # F Skráningardagur | # M Vasaljósavika | # M Aðfangadagur jóla | # L | # Þ | # Þ | # F Umhverfisdagur | # S Hvítasunnudagur | # M | 24 F |
| # M | # F | # L Fyrsti vetrardagur | # Þ | # F Jóladagur | # S | # M | # M | # L | # M Annar í Hvítasunnu | # F | 25 L |
| # Þ | # F Evrópski tungumáladagurinn | # S | # M | # F Annar í jólum | # M Matarsóunarvika | # F Menningarmót | # F Furðufatadagur | # S | # Þ Starfsdagur | # F | 26 S |
| # M | # L | # M Skráningardagur | # F | # L | # Þ | # F | # F Lestraromi lýkur | # M | # M | # L | 27 M |
| # F | # S | # Þ Skráningardagur | # F Starfsdagur | # S | # M | # L | # L | # Þ | # F Útskrift skólahóps | # S | 28 Þ |
| # F Hjóladagur | # M Lestrarormi lýkur | # M Furðufatadagur | # L | # M Skráningardagur | # F | | # S Pálmasunnudagur | # M | # F | # M | 29 M |
| # L | # Þ | # F | # S | # Þ Skráningardagur | # F | | # M Skráningardagar | # F | # L | # Þ | 30 F |
| # S | | # F | | # M Gamlársdagur | # L | | # Þ Skráningardagar | | # S | | 31 F Opnum aftur þriðjudaginn 4. ágúst |

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.